



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

4. skólaráðsfundur 2.3.2023 kl 15:00 – 16:00

Fundarstjóri og ritari: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

Mættir: Borghildur Sverrisdóttir, Hólmfríður Þórisdóttir, Jónína Dögg Loftsdóttir og Linda Ösp Grétarsdóttir

1. Skóladagatal fyrir næsta skólaár 2023- 2024 var kynnt og samþykkt. Engar athugasemdir komu fram.
2. Breytingar á skóladagatali fyrir þetta skólaár, óskað var eftir því að fá að færa þemaviku aftur um eina viku því ekki hefur náðst að undirbúa hana sem skyldi. Sendur verður póstur á foreldra því í lok þemaviku er skertur dagur sem færast til og hefur áhrif á sum heimili. Skólaráð samþykkti þessa breytingu.
3. Niðurstöður frá lýðræðisþingi nemenda kynntar varðandi frímínútur, farið var yfir hverju er hægt að bregðast við eða skoða strax, hvað er langtímaverkefni og hverju er ekki hægt að bregðast. Margar góðar tillögur komu fram en nokkrar óskir voru óraunhæfar og ekki undir okkur komið að geta uppfyllt. Kennarar fá niðurstöðurnar til sín og munu í kjölfarið kynna þær fyrir nemendum. Næsta málþing mun snúast um matsalinn og matinn og verður væntanlega í lok mars. Bent var á að það vantaði sennilega inn atriði frá unglिंगadeildinni, Inga skoða það og bættir þeim þá inn í niðurstöður áður en þær fara í almenna kynningu.
4. Sameiginlega fræðsla fyrir foreldra nemenda í 1. og 2 bekk og elstu tveimur árgöngu leikskóla. Samvinnuverkefni milli leikskóla og grunnskóla í Skarðshlíð og á Völlum. Fyrri fundurinn verður í Skarðshlíðarskóla 8. Mars kl 8:15 og síðari fundurinn í Hraunvallaskóla 9. mars kl 15 til 16. Þetta er upphafið að auknu samstarfi í hverfinu.
5. Fræðsla frá Heimili og skóla til að endurvefja foreldrasamstarf verður haldin þriðjudaginn 14. mars í Hvaleyrarskóla. Foreldrum í Skarðshlíðarskóla, Hraunvallaskóla og Hvaleyrarskóla er boðið að mæta á þessa fræðslu.
6. Önnur mál
 - a) Foreldrafélagið er að óska eftir að fá upplýsingar um hvort skólinn eigi eitthvað dót sem hægt er að nota á vorhátíð sem verður í lok maí eða byrjun júní. Inga mun senda póst á íþróttakennara og fá upplýsingar frá þeim.
 - b) Umræða um skólabúðir hjá 9.bekk. Ekki er vitað hvort 9.bekkur kemst á Laugarvatn þar sem upp kom mygla hjá þeim og búið er að loka skólabúðunum tímabundið.

Beðið er eftir upplýsingum frá skólabúðunum áður en ákvörðun verður tekin hvort leitað verður annarra leiða til að koma til móts við hópinn og boðið upp á eitthvað annað. Rætt var um þær mismunandi skólabúðir sem standa nemendum til boða og farið yfir reynslu skólans og þeirra sem sitja í skólaráði.

Fundi slitið 15:55